

Aðalfundur GDLH 2023

Haldið 23. nóvember í Guðmundarstofu í Víðidal.

Fundur settur 20.07

Dagskrá

1. Fundur Settur -Kjör fundarstjóra og ritara
2. Fundargerð síðasta aðalfundar
3. Skýrsla stjórnar Jón Þorberg Steindórsson
4. Ársreikningar lagðir fram –
5. Skýrslur nefnda – Valdimar M. Ólafsson
6. Lagabreytingar
7. Ákvörðun félagsgjalda
8. Kosning stjórnar
9. Önnur Mál
10. Fundi slitið

1. Jón Þorberg Steindórsson formaður GDLH setur fundinn og býður félaga velkomna. Hann gerir það að tillögu sinni að Erlendur Árnason yrði fundarstjóri og Ingi Björn Leifsson ritari samþykkt af fundarmönnum.
2. Erlendur tekur til starfa og leggur fundargerð síðasta aðalfundar til samþykktar. Er hún samþykkt.
3. Jón Þorberg flytur skýrslu stjórnar og fer yfir starf vetrarins og hverjir sátu í stjórn þetta kjörtímabilið. Reynir Atli segir sig úr stjórn um mitt sumar.

Stjórn GDLH 2022

- Jón Þorberg Steindórsson formaður
- Ágúst Hafsteinsson gjaldkeri
- Sigurður Sigurðarson
- Reynir Örn Pálmason
- Ingi Björn Leifsson, ritari

Varastjórn

- Davíð Jónsson

4. Gjaldkeri GDLH fer yfir ársreikninga og kynnir þá.

Ársreikningar líta vel út, hagnaður ársins kemur aðallega af námskeiðum og er 1.422.132 kr
Eignir samtals eru 3.132.338 kr

Talað er um hvað erfit er að innheimta erlendar skuldir þar sem ágreiningur virðist vera innan þeirra samtaka.

Tillaga kemur frá gjaldkera um að innheimta með því að send inn rukkun áður en upprifjunarnákmseið er haldið og ógreiddir fá ekki aðgang þá því.

Ársreikningar eru samþykktir.

5. Skýrsla fræðslunefndar, þar sem Valdimar fer yfir fræðslu árisins.

Ný dómara próf var haldið í Finnlandi og Íslandi og náðu 4 í Finnlandi en endaleg útkoma kemur fyrir Ísland í vor. En 14 tóku þátt á Íslandi og þar af voru 6 í Landsdómaraprófi og 8 í nýdómaraprófi.

6. Lagabreytingar

Tvær tillögur liggja fyrir frá stjórn

Tillögur sem að liggja fyrir fundinum:

1. Lögð er fram sú tillaga að breytingu á 16. gr. laga félagsins.

Reglan er: 16. gr Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi og því aðeins að 2/3 hlutar greiddra atkvæða mættra fundarmanna samþykki breytinguna. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist stjórn fyrir 1.september.

Lagt er til að reglan verð svohljóðandi:

Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi og því aðeins að 2/3 hlutar greiddra atkvæða mættra fundarmanna samþykki breytinguna. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist stjórn fyrir 1.október.

Breytingin var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

2.

Lögð er fram breytingartillaga á 5. gr. laga félagsins.

Reglan er: 5. gr Félagsmenn eru allir gæðingadómarar sem hlotið hafa samþykkt stjórnar L.H. Félagsmenn sem ekki standast upprifjunarnámskeið í byrjun starfsárs, eru ekki löglegir til dómstarfa það árið. Sæki dómari ekki upprifjunarnámskeið í tvö ár samfelt þarf hann að endurnýja réttindi sín með stöðuprófi, ef það líður lengri tími en þrjú ár frá því að dómari mæti á upprifjunarnámskeið falla dómara réttindi hans niður.

Reglan verður: 5. gr Félagsmenn eru allir gæðingadómarar sem hlotið hafa samþykkt stjórnar L.H. Félagsmenn sem ekki standast upprifjunarnámskeið í byrjun starfsárs, eru ekki löglegir til dómstarfa það árið. Sæki dómari ekki upprifjunarnámskeið í tvö ár samfelt þarf hann að endurnýja réttindi sín með stöðuprófi, ef það líður lengri tími en þrjú ár frá því að dómari mæti á upprifjunarnámskeið falla dómara réttindi hans niður. Dómari þarf að dæma a.m.k. tvö lögleg mót á þremur árum til að viðhalda sannarlega réttindum sínum.

Breyting á reglu 5 er rædd og talað um hvort tíminn sé knappur og þá sérstaklega fyrir erlenda dómara þar sem mót eru færri en á Íslandi.

Breytingartillaga frá Loga Laxdal um að dæma skal 2 mót á 4 árum í stað 2 mót á 3 árum sem stjórn lagði fram.

Breytingartillaga frá Loga er felld með 2 atkvæðum
Tilaga frá stjórn er samþykkt með 16 atkvæðum gegn 13.

Tilaga að breytingu lögum 16 g er samþykkt.

7. Ákvörðun félagsgjalda er óbreytt

8. Kosing stjórnar og nefnda

Formaður Jón Þorberg býður sig fram sem áframhaldandi formaður og er það samþykkt.

Kosningar tii stjórnar, Reynir Örn og Sigurður Sigurðarson bjóða sig áfram en Jóhann Garðar býður sig einnig fram þannig kosið er um 3 aðila.

Kosning fór þannig.

Sigurður fékk 17

Reynir fékk 7

Jóhann fékk 10

Í aðalstjórn eru kjörnir Sigurður með 17 atkvæði og Jóhann með 10 atkvæði

Í varastjórn bjóða sig fram Haukur og Oddrún Ýr kost á sér og er það samþykkt með lófaklappi. En Davíð Jónsson gefur ekki kost á sér lengur að þessu sinni.

9. Önnur mál.

Farið er yfir launamál þar sem LH leggur til að laun dómara sé uppgjefin tala, Sem sagt að LH taki launamál til sín og gefi út launamiða til hvers og eins dómara fyrir sín dómstörf.

Þannig að talað eru að hækka tímakaup vegna launatengdra gjalda.

Stjórn leggur fram að félagsmenn feli stjórn það að ef til þess verði að laun verði uppgjafið að stjórn hækki þá tímakaup þá þannig að núverandi tímakaup (4500) standi eftir.

Ingibergur leggur fram að að halda núverandi tímakaupi en ef svo verður að LH taki þetta til sín þá hækkar tímakaup dómara um 40%.

Stjórn óskar samþykktar fundar til þess að gæta hagsmuna dómara komitil innheimtu launa af þriðja aðila. Það er samþykkt.

Sigurður Ævars bendir á að stjórn leggi breytingar á lögum og reglum fram fyrir sína félagsmenn áður en tilögur er sendar inn til lagabretinga fyrir Landsþing LH. Einnig vill Siggi Ævars frá tillögur fyrir Landsþing LH inná heimasíðu GDLH.

Talað er um að á nýafstöðnu landsmóti hafi verið 94% samræmi dómara.

Haukur kemur inná það að dapurt sé að tvö dómaraþör missi af kýrstökki í úrslitum í Barnaflokki á nýafstöðnu Landsmóti.

Vilji er fyrir fyrirlestri þar sem Vikingur kemur og er með lap pælingar og segir frá sínum rannsóknnum varðandi skeið og tölt eða hver munurinn sé í raun þar á milli.

Tilaga er lögð fram um að tímagjald hækki úr 4500 kr í 5000 kr og er það samþykkt með meirhluta atkvæða.

Fundi slitið klukkan 21.57.